

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi



Dags eftirlits	26.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing, Krossanesi	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannsson	Staðsetning	540523,65 578809,711

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir rekstrarhandbók og skráningar. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila afrit af mánaðablöðum og eru engar athugasemdir gerðar við þau.

Allir geymar í stöðinni sem notaðir eru undir olíu hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Næstu geyma skal prófa árið 2017, en það eru geymar merktir 600.06.00, 600.05.00 og 600.02.00.

Árið 2014 varð slys í stöðinni þegar verið var að dæla MD olíu á olíugeymi í stöðinni og nokkuð magn olíu fór upp úr einum tankinum. Enn má sjá mátti ummerki þess við eftirlit en jarðvegur hefur verið látinn standa óhreyfður og náttúrulegt niðurbrotsferli látið hafa sinn gang. Enn má sjá olíusmit á geyminum og er það væntanlega vegna þess að olía hefur komist í steinullareinangrun geymisins og vætlar þar úr. Engin óeðlileg rýrnun er í geyminum svo smitið kemur ekki frá birgðarstöðu tanksins. Stefnt er að því að opna klæðningu tanksins og skipta um einangrun þar sem þarf. Viðvörðunarbúnaður var settur upp eftir slysið og virkar hann vel.

Gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensínufur er í stöðinni. Í síðasta eftirliti var gerð athugasemd varðandi virkni búnaðarins þar sem hitabreytingar ollu því að raki safnaðist fyrir í kerfinu og olli bilunum. Kælivifta hefur verið sett upp við búnaðinn og hefur hann virkað vel eftir það. Mæling var gerð á virkni búnaðarins daganna 30.8 – 2.9, 2015 og voru gildin innan marka starfsleyfis.

Skv. gr. 2.2 í starfsleyfi skal árlegt tap á bensíni við áfyllingu og losun flutningsgeyma vera minna en 0,5% af gegnumstreymi. Rekstraraðili sendi útreikninga til eftirlitsaðila þar sem fram kemur að heildartap ársins í fyrra var innan marka starfsleyfis.

Góð flokkun á úrgangi er í stöðinni og spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar, til Hringrásar. Allri úrgangsolíu er skilað til Skeljungs.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Þann 2. maí sl. var tekið Macherey-Nagel próf fyrir olíu í frárennsli og var ekki hægt að greina neitt olíusmit á því prófi. Rekstraraðili sendi til eftirlitsaðila, upptökur af mælingunni því til staðfestingar.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og áfyllingarplan. Olíuskiljur eru mældar að meðaltali einu sinni í mánuði af verktaka og eru þær tæmdar eftir þörfum. Losar hann úrganginn til endurvinnslu Skeljungs.

Lóðin er afgirt með mannheldri girðingu og er hlið inn á lóðina læst þegar stöðin er mannlau. Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila, heilbrigðisnefnd eða eftirlitsaðila og engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

ANNAÐ

Reglubundin þjálfun starfsmanna hvað varðar öryggis- og mengunarmál er til staðar ásamt því að nýjir starfsmenn fá þjálfun við upphaf starfs. Miðað er við að boðið sé upp á endurmenntun á 3ja ára fresti.

Starfsmenn stöðvarinnar sjá sjálfir um uppdælingu olíunnar úr skipum og yfir í olíugeyma og fara eftir verklagsreglum þar um. Dælt er að meðaltali einu sinni í mánuði og er áætluð vegalengd lagna frá bryggju að geymum um 450m.

Ísogsefni og brunavarnarkerfi er til staðar og greinargóðar leiðbeiningar staðsettar við kerfið.


Rekstraraðili er með umhverfisstjórnunarkerfi ISO14001, ásamt ISO9001 gæðastjórnunarkerfi og ISO18001 öryggisstjórnunarkerfi. Síðasta úttekt fór fram þann 12. maí sl.

Minnt var á að sækja þarf um endurnýjun starfsleyfis í tíma en núverandi leyfi rennur út þann 31. janúar 2018.

Viðstödd eftirlitið var María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.06.2016



Guðbjörg Stella Árnadóttir